

Samræður eru undirstaða siðmenningar

Daisaku Ikeda skrifar í tilefni af 60 ára afmæli mannréttinda-yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna



Daisaku Ikeda

SAMRÆÐUR eru ferðalag sem allir geta tekið þátt í og stundum geta þær breytt gangi sögunnar.

Fyrir 2000 árum tók indverskur búddisti, Nagasena, þátt í samræðum við hellenska konunginn, Milinda. Í upphafi samræðanna leit Nagasena í augu konungs og sagði ákveðinni röddu: „Yðar hátign! Þegar þú átt í samræðum, talar þú þá sem vitur maður eða sem einvaldur?“

Þessi orð Nagasena snertu við hroka einvaldsins. Með spurningu sinni krafðist hann þess að þeir leit-uðu sannleikans í sameiningu á jafnréttisgrundvelli þar sem tvær mann- eskjur læra hvor af annarri í uppbyggilegum samræðum.

Fundur þeirra opnaði augu Milinda konungs og fékk hann til að kyngja stolti sínu. Í einlægum skoðanaskiptum þeirra mættust austur og vestur; klassísk hellensk hugsun annars vegar og indversk heimspeki hins vegar, sem síðar hafði varanleg áhrif á sögu mannsandans.

Þetta áhrifamikla dæmi um samræður felur í sér boðskap sem þjóðarleiðtogar nútímans settu að taka til sín. Aldrei fyrr hefur verið jafn mikilvægt að við uppörvum og lærum hvert af öðru. Það hefur aldrei verið jafn mikil þörf fyrir skapandi samræður. Á fundi iðnríkjanna átta, sem haldinn var í Tókýó í júlí, tóku tuttugu og tvær þjóðir þátt, fleiri en nokkru sinni fyrr. Auk leiðtoga iðnríkjanna komu fulltrúar annarra ríkja að samningaborðinu til að fjalla um loftslagsbreytingar og þróunarmál.

Óháð niðurstöðu fundarins þá finnst mér mjög mikilvægt að fleiri ríki komu nú að umræðunni. Ég hef lengi talað fyrir því að fleiri þátttakendur komi að þessum fundum því ég trúi að það sé eitt af því sem ræður úrslitum um að skapa siðmenningu sem byggð er á samræðum. Örugasta leiðin til að mannkynið og öll plánetan njóti góðs af er að efla

net samræðna til að byggja upp viðtækari skilning á samfélaginu og sameiginlegri ábyrgð okkar gagnvart framtíðinni.

Viska einkennist fyrst og fremst af þeim hæfileika að hlusta. Við horfumst í augu við ótal mikilvæg alþjóðavandamál, því er sérstaklega mikilvægt að við leggjum okkur fram við að hlusta á þær

skoðanir sem eru ólíkar okkar, sérstaklega þeirra sem minna mega sín og eiga sér fáa málsvara.

Það er merki hinna vitru að búa yfir miklu þolgæði. Þegar framfarir eru ekki sjáanlegar þurfum við á visku að halda til að leita raunsærra sameiginlegra hagsmuna, finna það sem sameinar okkur og vera ákveðin í að halda áfram samræðum hvað sem á dynur.

Ég minnst leiðtogafundarinn í Reykjavík árið 1986. Staðreyndin var að samningaviðræður þeirra Regans og Gorbatsjovs enduðu án niðurstaðna. En á blaðamannafundi eftir fundinn neitaði Gorbatsjov því að samræðurnar hefðu farið út um þúfur og staðhæfi að þetta hefði verið fyrsta skrefið til frekari samningaviðræðna. Þetta varð til þess að Bandaríkjamenn tóku svipaða afstöðu, sem leiddi til jákvæðari og framsýnni afstöðu. Sagan sýnir að þessi sterka ákvörðun um að taka þátt í samræðum varð á hljóðlegan en djúpstæðan hátt til þess að enda kalda stríðið.

Þegar ég hitti Gorbatsjov nokkrum árum seinna voru margir sem efuðust um að það væri mögulegt að fundur milli búddista og leiðtoga kommúníks stórveldis gæti haft einhverjar jákvæðar afleiðingar.

Á fundi okkar ræddum við um minningar okkar um hörmungar og grimmd stríðsins sem við höfðum báðir upplifað í æsku. Við vorum sammála um að það væri hægt að kalla okkar kynslóð „stríðsbörn“. Eftir að hafa fundið þennan sameiginlega vettvang ræddum við um þá sameiginlegu ákvörðun okkar að draga lærdóm af reynslu okkar fyrir framtíðina.

Hvert sem þjóðerni okkar eða trú

» Samræður eru öruggasta leiðin til friðar og það er leið sem er öllum opin.

er þá eigum við öll fjölskyldur sem við elskum og framtíð sem við viljum hlúa að. Enginn getur forðast hringrás lífsins; fæðingu, elli, veikindi og dauða. Þegar við stöndum föstum fótum á sameiginlegum grunnildum lífsins getum við yfirstigið allt sem aðgreinir okkur, fundið til samkenndar með öðrum og átt samræður.

Það sem er sameiginlegt með öllum hugsuðum og leiðtogum, sem ég hef átt í samræðum við, er einlæg bæn og djúp ákvörðun um að sjá 21. öldina verða öld friðar og samræðna, ólíkt þeirri öld stríðs og ofbeldis sem 20. öldin var.

Samræður eru ekki einfaldar yfirlýsingar um skoðanir okkar né eru þær til þess að sannfæra aðra um okkar skoðanir. Samræður heppnast þegar þær eru byggðar á virðingu fyrir lífi viðmælandans og þegar þær eru knúnar áfram af ákvörðun um að læra af þeim ólíku einstaklingum sem við mætum.

Í búddiskum ritum segir: „Þegar við hneigjum okkur fyrir framan spegil mun spegilmyndin hneigja sig til baka í virðingu.“

Siðmenning sem byggð er á samræðum er siðmenning byggð á menntun og framförum.

Skortur á samræðum mun aftur á móti hafa í för með sér aðskilnað og vantraust og viðhalda hatri og ofbeldi.

Það er engin ástæða til að ætla að við getum ekki yfirstigið þá erfðeika sem heimurinn stendur frammi fyrir. Samræður eru öruggasta leiðin til friðar og það er leið sem er öllum opin. Hún hefst þar sem við erum hér og nú. Samræður eru ferðalag, þær eru leið til að upp-götva það sem er einstakt, leyndarsdómsfullt og sammannlegt. Þær eru uppspretta óendanlegrar gildissköpunar.

Höfundur er heiðursforseti Soka Gakkai International, stofnandi Soka-háskólanna og handhafi friðarverðlauna Sameinuðu þjóðanna.

Hver er þjófnaður aldarinnar?

Bjarni Þórðarson gerir athugasemd við málflutning Ragnars Þórs Ingólfssonar



Bjarni Þórðarson

SUNNUDAGINN

30. nóv. var Ragnar Þór Ingólfsson gestur Egils Helgasonar í þættinum Silfri Egils. Ragnar setti þar fram furðulegar staðhæfingar um uppsöfnuðu iðgjöldin sem einstakir sjóðfélagar lífeyrissjóða greiða og verðmæti þeirra við 67 ára aldur sam- anborið við réttindin sem þau veita. Egill virtist gera ráð fyrir að Ragnar mundi sýna einhverjar tölur máli sínu til stuðnings en Ragnar vísaði til heimasíðna lífeyrissjóða og banka en þar gæti fólk komið að raun um þessi ósvífnu vinnubrögð. Hann gat þess ekki að hann byggði útreikninga sína á 8% raunvöxtum en það kemur fram í tilskrifum sem Ragnar hefur dreift á netinu undir heitinu „Þjófnaður aldarinnar“ hvorki meira né minna.

Tryggingastærðfræðingar eru ábyrgir fyrir útreikningi á svokölluðum réttindatöflum lífeyrissjóða en þar er miðað við tilteknar forsendur

um dánarlíkur, örorkulíkur, hjúskaparlíkur og barneignalíkur. Þar er einnig lagt til grundvallar að raunávöxtun sé 3,5% og er það bundið í reglugerð. Ákvörðun um þessa vaxta- viðmiðun var á sínum tíma tekin eftir vandlega skoðun og ekki hefur komið fram nein mál- efnalega gagnrýni á hana. Okkar verkefni er m.a. að reikna út rétt- indaávinnslu hvers aldursárs þannig að jafnvægi sé milli núvirðis þess ið- gjalds sem greitt er á aldursárinu og núvirðis þeirra lífeyrisgreiðslna sem sjóðfélagarnir öðlast rétt til sam- kvæmt réttindatöflunni.

Það er himinn og haf á milli 3,5% og 8% raunvaxta þegar verið er að skoða 30-35 ára ávöxtunartíma að meðaltali. Ein króna verður að rúmum 3 kr. á 33 árum ef vextir eru 3,5% en séu vextirnir 8% verður krónan að 12 kr. og rúmlega það. Þetta segir allt um það hversu brýnt er að hafa reikniforsendur raunhæfar.

Eins og allir vita búum við nú við mjög sérstæðar aðstæður varðandi vexti og sumar lánastofnanir bjóða

» Athugasemd við mál- flutning Ragnars Þórs Ingólfssonar verslunarmanns í þættinum „Silfur Egils“ sem og í netpistlinum „Þjófnaður aldarinnar“.

háa raunvexti til að laða til sín fjármagn en öllum er væntanlega ljóst að þessar aðstæður geta ekki varað lengi og gera vonandi ekki. Undanfarin ár hefur ávöxtun lífeyrissjóða verið verulega umfram 3,5% og það hefur gert sjóðum mögulegt að auka réttindi sjóðfélaga.

Það er annað hlutverk tryggingastærðfræðinga að gera árlega athugun á fjárhag sjóðanna sbr. ákvæði 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ef staða sjóðs er góð getur sjóður aukið áunnin réttindi sjóðfélaganna en hins vegar getur þurft að skerða þessi réttindi ef staðan er slæm. Það er alveg ljóst að staða sjóða mun versna mjög á þessu ári, en enn er ekki ljóst hvort einhverjir sjóðir þurfa að skerða réttindi sjóðfélaga.

Skrif Ragnars vega í sjálfu sér að starfsheildri tryggingastærðfræðinga en ekki er gert ráð fyrir eftirmálum hvað það varðar.

Höfundur er formaður Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Munið að slökkva á kertunum



Gætið að því að skraut s.s. borðar eða greinar séu aldrei of nærri kertaloganum og að skrautið sé staðsett neðan við kerti þannig að kertaloginn nái ekki til þess jafnvel þegar kertið hefur brunnið til hálf